

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 01. júlí 2016  
UST201606-155/K.S.J.  
10.04.03

## Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi flæðigryfja á svæði ávers í Straumsvík.

Vísað er til erindis tæknisviðs og leiðtoga umhverfismála hjá Rio Tinto Alcan er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi flæðigryfja á svæði áversins í Straumsvík.

### Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að ofangreind breytingartillaga nær annars vegar yfir lagfæringar á uppdráttum og hins vegar til stækunar á flæðigryfju. Einnig kemur fram að fyrsti áfangi stækunar verði á vestasta hluta flæðigryfju og rúmtak þess áfanga verði  $37.000 \text{ m}^3$ . Árleg losun á kerbrotum er um  $3.000 \text{ m}^3$  á ári, svo vinnslutími fyrsta áfanga er því a.m.k. 10 ár skv. greinargerð.

### Umhverfisáhrif

Í umhverfisskýrslu kemur fram að strandlengjan þar sem flæðigryfjur eru áætlaðar er nú þegar manngerð, þ.e. eldri flæðigryfjur. Einnig kemur fram í greinargerð og á uppdrætti að breyting verður á strandlengju, en að þar sem svæðið er innan athafnasvæðis áversins verði ekki breytingar á notagildi strandarinnar. Áætlaðar flæðigryfjur eru á skilgreindu iðnaðarsvæði og fram kemur í umhverfisskýrslu að förgunarleiðin er í samræmi við lög og reglugerð um förgun úrgangs.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að niðurstöður rannsókna sýni að styrkur PAH-efna við strandlengjuna sé í samanburði við erlenda gagnabanka, lægri eða á svipuðum nótum og hann gerist til manneldis við strendur Evrópu og USA. Einnig kemur fram í umfjöllun um styrk mengandi efna við strandlengjuna við álverið að kvikasilfur, kadmín og blý eru undir mörkum hvað hámarksgildi varðar í kræklingi (fiskmeti).

### Vöktun og eftirfylgni

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við stækun flæðigryfja en tekur undir mikilvægi þess að vöktun á ástandi sjávar verði haldið áfram.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson  
Sérfræðingur